



Nefndadeild Alþingis,  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík.

Tilvísun vor: LHG/228/9.6/HH/sig

Tilvísun yðar:

Dagsetning: 12. desember 1995.

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands, 173. mál.

Landhelgisgæslu Íslands hefur borist ofangreint lagafrumvarp til umsagnar. Efni lagafrumvarpsins hefur af því tilefni verið gaumgæft, m.a. með tilliti til möguleika á hagræðingu.

Í því ljósi sýnist tilvalið að færa alla stjórn vitamála undir stjórn Landhelgisgæslunnar. Fyrir því eru m.a. eftirtalin rök:

- \* Landhelgisgæslan hefur yfir að búa skipum og flugvélum, þ.m.t. þyrlum, sem sinnt geta viðhaldi og eftirliti með vitum landsins, svo og öðrum siglingamerkjum. Minnt skal á, að Landhelgisgæslan sinnir nú þegar í raun ýmsum þáttum þjónustu við vita og siglingamerki að beiðni núverandi Vitastofnunar, svo sem við stefnumælingar vitamerkja. Má í því sambandi skýra frá, að við framkvæmd viðhalds spegla og ljósgjafa í vitum hefur stundum orðið aflögun á merkjum, sem að sjálfsögðu fylgir mikil hættu þar til leiðrétt hefur verið. Nokkur dæmi eru um óhöpp af þessum sökum þar sem við mælingu hefur komið fram skekkja í vitum að viðhaldi loknu. Hefur þá þurft að kalla til menn frá Reykjavík til að lagfæra og leiðrétta skekkjurnar, en ef Landhelgisgæslan hefði vitamál alfarið á sinni könnu, yrði komist hjá slíku og hlytist mikið hagræði af, jafnframt því sem öryggi ykist að mun.
- \* Skip Landhelgisgæslunnar eru á ferð umhverfis landið við regluleg gæslustörf og gætu sem best í sömu andrá sinnt lögbundnu og nauðsynlegu eftirliti og viðhaldi með vitum og öðrum siglingamerkjum meðfram ströndum landsins.
- \* Landhelgisgæslan rekur stjórnstöð þar sem er vakt allan sólarhringinn alla daga ársins og sinnir með þeim hætti mikilvægri þjónustu við sjófarendur. Þá skal minnt á, að Landhelgisgæslan annast sjómælingar, sjókortagerð og ýmsa aðra þjónustu tengda siglingum. Með stjórnstöðinni gæti Landhelgisgæslan annast allar tilkynningar til sjófarenda tengdar vitum og siglingamerkjum.

- \* Önnur atriði sem snerta kunna stjórnun og umsjón vitamála getur Landhelgisgæslan leyst af hendi. Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða mannafla, sem býr yfir þekkingu á sviði siglinga og málefna sem sérstaklega tengjast vitamálum. Þörf fyrir sérkunnáttu á þessum sviðum væri hægt að leysa með því að núverandi starfsmenn Vitastofnunar, sem sérhæfðir eru á vitamálasviði, flyttust með verkefnum til Landhelgisgæslunnar og yrðu starfsmenn hennar þaðan í frá. Af framansögðu virðist ljóst að það verður ódýrara fyrir þjóðarþúið að fela Landhelgisgæslunni þennan verkþátt.

Framangreind tilfærsla verkefna útheimtir að sjálfsgöðu breytingar á lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967, sem vel gæti komið heim og saman við nauðsyn endurskoðunar þeirrar löggjafar í heild sinni. Í því sambandi má minna á, að við þá endurskoðun þarf að tryggja að allur vafi verði tekinn af um að yfirstjórn leitar- og björgunarmála verði áfram undir forræði Landhelgisgæslunnar og samvinna og samband við alþjóðlegar stofnanir á þessu sviði verði styrkt.

Fagfélög á sviði útgerðar og siglinga, svo sem Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannasamband Íslands og Fiskifélagið, hafa tekið undir framangreind sjónarmið, sbr. hjálögð ljósrit.

Að lokum skal gerð sú tillaga að fulltrúum í fyrirhuguðu siglingaráði verði fækkað niður í þrjá, sem allir verði skipaðir af ráðherra án tilnefningar, en í framangreindu frumvarpi er gert ráð fyrir 11 fulltrúum í ráðinu, sbr. 6. gr. Verði ekki fallist á þessa tillögu, þykir rétt að Landhelgisgæslan eigi sinn fulltúa í siglingaráði.



Hafsteinn Hafsteinsson  
forstjóri.

Hjálagt:

Ljósrit af samþykktum frá 37. þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 15.-17. nóv. 1995.

**SAMÞYKKTIR**

**FRÁ**

**37. ÞINGI**

**FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBANDS**

**ÍSLANDS**

**REYKJAVÍK**

**15.-17.**

**NÓVEMBER**

**1995**

Greinargerð:

Nauðsynlegt er talið að Landhelgisgæslan eigi og reki fjögur stór varðskip til björgunar- og eftirlitsstarfa og að þau séu í rekstri allt árið. Eitt skip er ávallt í höfn vegna viðhalds, lagfæringa og leyfi skipverja. Vafasamt er að Íslendingar hafi haldið uppi fullnægjandi eftirliti innan efnahagslögsögunnar, en afkoma þjóðarinnar byggist á því hvað mikið aflast hverju sinni úr henni. Aukinn ásókn erlendra fiskiskipa að endimörkum fiskveiðilögsögunnar og veiðar íslenskra fiskiskipa á fjarlægum miðum kallar á aukið eftirlit og þjónustu af hálfu Landhelgisgæslunnar. Varðskipin nýtast við mjög fjölpætt verkefni auk björgunar- og eftirlitsstarfa, svo sem fiskveiðieftirlit, eftirlit og þjónustu við vitakerfið, mengunareftirlit, flutninga á fólki og vörum við erfið skilyrði ofl. Meðal aldur varðskipanna er 28 ár, ÓÐINN 36 ára gamall, ÆGIR 28 ára og TÝR 21 ára. Á síðasta hálfum öðrum áratug hafa horfið úr þjónustu Landhelgisgæslunnar tvö skip. ÓÐINN er orðinn gamall og spurning hvað hann verður lengi í rekstri. Tímabært er orðið að huga að endurbótum á TÝR og ÆGI. Því er ekki að neyta að hönnun á þessum skipum er gömul eða að meginstofni frá því um 1950. Á árum áður liðu 7-9 ár á milli þess að byggð voru ný varðskip, en núna eru að verða kominn tæp 21 ár. Þótt varðskipin hafi reynst vel verða þau ekki eillf. Þess vegna er meðal annars lögd áhersla á að nú þegar verði hafist handa við að smíða tvö ný varðskip. Þess verður að gæta að eðlileg endurnýjun fari fram á skipastól Landhelgisgæslunnar. Ef ekkert verður að gert í endurnýjun á varðskipunum á næstunni, er fróðlegt að láta hugann reika til næstu aldamóta, þá verður meðalaldur skipanna orðin 32,3 ár og elsta skipið þá 40 ára. Núverandi ástand er óviðunandi. Reikna má með að það taki allt að 3 árum frá því ákveðið er að hefja smíði á nýju varðskipi þar til það er tilbúið í rekstur. Undanfarin ár hafa frændþjóðir okkar Norðmenn og Danir verið að endurnýja sín varðskip og hafa þá byggt 3200-4000 tonna skip, sem þeir telja vera hentuga stærð til björgunar- og eftirlitsstarfa í Norðurhöfum.

**7.5 Um fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar.**

37. Þing FFSÍ haldið í Reykjavík 15.- 17. nóvember 1995, skorar á Alþingi og ríkisstjórnina að beita sér fyrir auknum fjárveitingum til Landhelgisgæslu Íslands, þannig að hægt verði að halda uppi fullnægjandi eftirliti með efnahagslögsögu landsmanna og tryggja örugga björgunarþjónustu fyrir sjófarendur við Ísland. Þingið lýsir furðu sinni yfir þeirri skerðingu sem er á fjárveitingum til rekstur varðskipanna í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1996 og treystir því að þessi mistök verði lagfærð í meðförum Alþingis á fjárlögum fyrir árið 1996. Það er nóturlegt að kaupa nýja og fullkomna björgunarþyrlu og geta ekki gert hana út, nema skerða útgerð varðskipanna.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld skorið mikið niður fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar, er nú svo komið að stofnunin er rekin í algjöru lágmarki. Niðurskurðurinn hefur bitnað hvað mest á útgerð varðskipanna. Það hlýtur að verða áhyggjuefni fyrir þjóð eins og Íslendinga hvernig komið er fyrir þeirri stofnun sem hefur eftirlit með auðlind þjóðarinnar og jafnmiklu öryggishlutverki og raun ber vitni. Rétt er að minna á þátt stofnunarinnar við björgunarstörf vegna snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri fyrr á þessu ári. Það þarf ekki að fjölyrða um að slíkur niðurskurður á fjárveitingum hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér. Óviss framtíð veldur í þjóðfélaginu og dregur úr allri framþróun hjá stofnuninni, skapar ótta á meðal starfsmanna um framtíðina og tómarúm og óvissa skapast. Ítrekað hefur verið skorað á stjórnvöld að sameina Vitastofnun, veiðieftirlit Fiskistofu og mengunarvarnir Hollustuverndar Landhelgisgæslunni ásamt þeim tekjustofnum sem þeim fylgja. Með fjölgun verkefna hjá Landhelgisgæslunni og auknum fjárveitingum, yrði starfsemi hennar markvissari, úthaldsdagar fleiri og betri trygging fyrir öryggi sjófarenda sem og annara landsmanna.

**7.6 Um tillutning á verkefnum Vitastofnunar til Landhelgisgæslunnar.**

37. Þing FFSÍ haldið í Reykjavík 15.-17. nóvember 1995, ítrekar þá áskorun sína til Alþingis og ríkisstjórnarinnar að verkefni Vitastofnunar Íslands verði færð undir Landhelgisgæslu Íslands, ásamt þeim tekjustofnum sem viðfangsefninu fylgja.

Greinargerð:

Það liggur í augum uppi að mjög æskilegt er að Landhelgisgæslan taki að sér alla vitapjónustu hér á landi. Eftir sem áður mun viðfangsefnið heyra undir samgönguráðherra. Landhelgisgæslan hefur í áratugi séð óformlega um vitapjónustu t.d. með því að þjónusta annesja- og skerjavita og baujur fyrir Vitastofnun, samhliða öðrum verkefnum. Þannig hafa sparast veruleg útgjöld fyrir ríkissjóð og aukið öryggi fyrir sjófarendur. Vita- og leiðsögukefið fyrir sjófarendur er fyrst og fremst öryggiskerfi og þar af leiðandi einn hlekkur í öryggismálum sjómanna og sem þarf stöðugt eftirlit og viðhald. Þjónusta við vita- og leiðsögukefið fellur vel að starfsemi Landhelgisgæslunnar. Við þennan samruna myndast betri rekstrareining fyrir ríkissjóð. Undirstöður Landhelgisgæslunnar myndi styrkjast því fjárveitingar til hennar hafa verið skornar of mikið niður á undanförunum árum. Þessi sameining fellur að stefnu ríkisstjórnarinnar að hagræða í ríkisrektri. Hagræðing fyrir ríkissjóð og öryggi sjófarenda felst meðal annars í því að tæki Landhelgisgæslunnar sem eru á ferð víðsvegar kringum landið, gætu sinnt þjónustu og viðhaldi við vita- og leiðsögukefið, samhliða öðrum verkefnum. Búið er að rafvæða stóran hluta af vitakerfinu, einnig er í bísgerð að einfalda það til muna og má ætla að þetta auðveldi rekstur og viðhald. Það gefur auga leið að á samdráttartímum muni stjórnvöld nýta fjármuni skattborgaranna og hagsmunaaðilanna betur með slíkri samnýtingu. Sameiginlegt hlutverk Vitastofnunar og Landhelgisgæslunnar er að báðar stofnanirnar eru öryggisstofnanir. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að það er fleira sem mælir með því en á móti að sameina þessar stofnanir. Til dæmis í Bandaríkjunum heyra vitamálin undir Strandgæsluna.

**7.7. Um sameiningu Siglingamálastofnunar og Vita- og hafnarmálastofnunar.**

37. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands haldið í Reykjavík 15. - 17. nóvember 1995, lýsir yfir furðu og andstöðu á þeim hugmyndum að sameina Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnarmál. Þingið telur að þessar stofnanir eigi enga samleið og þessar tilfærslur þjóni ekki hagsmunum sjómanna, heldur sé hætta á að öryggismál sjómanna verði fyrir borð borin með þessum aðgerðum.

Greinargerð:

Að undanförunu hafa verið uppi hugmyndir í stjórnkerfinu að sameina Siglingamálastofnun og Vita- og hafnarmálastofnun. Þessar stofnanir eiga enga samleið og verkefni þeirra gjörólík og hér er ekki um fjárhagsástæður að ræða, því þessi tilflutningur á eftir að kosta skattborgara mikla peninga. Það er ekki nóg að hafa umgjörðina fallega, þegar innihaldið er tómlegt. Þingið hefur ítrekað skorað á Alþingi og ríkisstjórn að flytja Vitastofnun Íslands yfir til Landhelgisgæslu. Með þeim flutningi yrði árangur tvöfaldur, aukið öryggi sjófarenda og betri nýting á fé skattborgara.

**7.8 Um fjárveitingar til hafnarframkvæmda.**

37. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands haldið í Reykjavík 15. - 17. nóvember 1995, vill að aukið verði fjármagn til hafnarframkvæmda, en ekki skert eins og ráðgert er í frumvarpi til fjárlaga 1996.

**7.9 Um hafnarríkiseftirlit.**

37. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands haldið í Reykjavík 15. - 17. nóvember 1995, skorar á samgönguráðherra að hann beiti sér fyrir því að Ísland staðfesti svokallað Parísarsamkomulag um hafnarríkiseftirlit (State Port Control) eins fljótt og auðið verður.